

að staðfesta hann. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður, og eptir þessum úrslitum málsins verður hinum skipaða sækjanda fyrir yfirdóminum eigi dæmt kaup fyrir málsfærsluna.

Að því leyti málið hefur verið gjafsóknarmál, vottast, að flutningur þess hefur verið lögmatúr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginu 24. ágústmánaðar.

Nr. 25/1891:

B. Muus & Co

gegn

landsbankanum í Reykjavík.

D ó m u r:

Í máli þessu áfrýjar stórkaupmaður B. Muus & Co í Kaupmannahöfn skiptarjettarúrskurði Reykjavíkur, kveðnum upp 23. maímán. þ. á., út af ágreiningi um það, hvort nefndum stórkaupmanni eða landsbankanum í Reykjavík beri fyrsti veðrjettur í bökunarhúsi nokkru tilheyrandi dánarbúi J. O. V. Jónssonar kaupmanns í Reykjavík, en í skiptarjettarúrskurðinum er ákveðið, að krafa B. Muus & Co um veðrjett í bökunarhúsinu, verði eigi tekin til greina.

Með veðskuldabryfi, dags. 10. apríl 1886, veðsetti J. O. V. Jónsson dánarbúi konsúls M. Smiths fyrir 67,000 króna skuld verzlunarlóðina nr. 4. í Strandgötu (Hafnarstræti) með öllum húsum, er á lóðinni stöðu, eins og þau þá voru eða seinna yrðu aukin og endur-

bætt, og skyldi með veðinu teljast syðri hlutinn af lóð þeirri, er áður tilheyrði hótel Alexandra (nr. 5. í Hafnarstræti). Ennfremur veðsetti J. O. V. Jónsson í sama brjefi allan vöruforða er í hvert sinn væri á áðurnefndri eign hans. Tjød veðskuldabryef varð síðan eign áfrýjandans B. Muus & Co með framsali skiptarjettarins í dánarbúi M. Smiths, dags. 11. marz 1887.

Sumarið 1889 byggði svo J. O. V. Jónsson heitinn á hinum veðsetta lóðarparti fyrir sunnan hótel Alexandra bökunarhús (nr. 17. í Austurstræti), og með veðbrjefi 23. sept. 1889 veðsetti hann landsbankanum bökunarhúsið með 1. veðrjetti fyrir 2000 króna láni.

Nú heldur áfrýjandinn því fram, að honum beri 1. veðrjettur í nefndu bökunarhúsi samkvæmt veðbrjefinu frá 10. apríl 1886, fyrst og fremst af því, að það er byggt á hinum veðsetta lóðarparti fyrir sunnan hótel Alexandra, og að um þennan lóðarpart gildi að hans skoðun hin sömu skilyrði, sem tekin eru fram um lóðina nr. 4., nefnilega að þar með fylgi öll hús á lóðinni, ekki einungis eins og þau þá voru, heldur og eins og þau kynni að verða aukin og endurbætt, og í öðru lagi af því, að allur vöruforði á hinni veðsettu eign er veðsettur í veðbrjefinu frá 10. apríl 1886, en bökunarhúsið hafi verið byggt úr efni, er hafi tilheyrt verzluninni, og þó efninu hafi verið hrófað upp í hús, hljóti veðrjettur hans að ná til þess eptir sem áður.

Samkvæmt þessu gjörir áfrýjandinn þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjaði skiptaúrskurður verði úr gildi felldur, og að honum verði dæmdur 1. veðrjettur í optnefndu bökunarhúsi, og að framkvæmdarstjóri landsbankans verði dæmdur til að skila búinu aptur 2000 kr., er honum hafi verið afhentar til greiðslu skuldakröfu bank-

ans gegn skaðlausri kvittun, og til þess að greiða allan af málskotinu leiðandi kostnað eptir rjettarins mati.

Hins vegar hefur stjórn landsbankans mótmælt allri þessari röksemdaleidslu og kröfu áfrýjandans og frá sinni hlið krafist, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandinn skyldaður til að greiða landsbankanum málskostnað með 50 kr. eða eptir mati dómsins.

Í veðbrjefinu frá 10. apríl 1886 er sagt um lóðarpartinn fyrir sunnan hótél Alexandra, að hann verði að teljast með veðinu, en það er hvergi tekið fram, að skilyrði þau, sem sett eru um verzlunarlóðina nr. 4. í Strandgötu (Hafnarstræti) viðvíkjandi húsum, skuli einnig gilda um lóðarpartinn fyrir sunnan hótél Alexandra, og það verður eigi fallið á, að þessi skilyrði gildi að sjálf-sögðu eða orðalaust um tjeðan lóðarpart. Það verður heldur eigi fallið á, að veðrjetturinn í vöruförða verzlunar J. O. V. Jónssonar nái til bókunarhússins, þótt nokkuð af vöruförðanum kunnir að hafa verið haft í húsið.

Fyrir því ber að staðfesta hinn áfrýjaða skiptarjettarúrskurð og samkvæmt þessum úrslitum málsins ber áfrýjanda að greiða stefnda í málskostnað 40 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði skiptarjettarúrskurður á að vera ó-raskaður. Áfrýjandi B. Muus & Co greiði framkvæmdarstjóra landsbankans í Reykjavík 40 kr. í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.